

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-100/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi gefið upp rangt verð á smávöru sem hún keypti af honum og því reiknað útsöluafslátt af of háu verði. Krefst álitsbeiðandi að seljandi endurgreiði sér það sem hún ofgreiddi vegna þessa.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um verðmerkingu á söluvöru. Um verðmerkingar söluvöru o.fl. gilda lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 17. gr. laganna. Á grundvelli þeirra laga hefur og verið settar reglur nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kæruneftndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 fer Neytendastofa með eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir